

Námsvísir í myndlist á elsta stigi Hvolsskóla 2007 - 2008

Tími: 7 vikur, 100 mínútur á viku.

Kennari: Ingvar Helgason.

Þegar hér er komið er litið til þess að nemendur nota í auknum mæli rökhugsun við lausnir verkefna. Þeir eru gagnrýnir á eigin verk og njóta þess að takast á við flóknari verkefni. Í þessum áfanga er ætlunin að virkja unglíngana í verkefni sem einmitt krefjast t.d. mælinga og nákvæmni. Jafnframt verður reynt að þjálfa nemendur í "skyndivinnu" s.s. skissugerð. Þar fer saman meðvituð rökleg útfærsla svo og skyndiafgreiðsla á handverki. Þannig verður um leið reynt að þjóna mismunandi þörfum og eiginleikum nemenda.

Markmið:

- Kunna að mæla lengdir, meta stefnur og sjónarhorn.
- Ná valdi á blýanti við skyggingu, teiknun og áferð.
- Ná auknum tókum á vatnslitum.
- Auka færni þ.e. forgangsröðun og skipulagshæfni við mynduppbyggingu.

Kennsla:

- Í upphafi tíma er gjarnan farið út úr stofu í skissugerð.
- Skylduverkefni unnin í skólastofu s.s. hlutteiknun, skyggingar, blýantsteiknun og vatnslitamynd.
- Frágangur verka fyrir sýningu.

Námsmat:

Í lok tímabils er gefin kennaraeinkunn sem byggir á eftirfarandi:

- Sköpun/frumkvæði 25%
- Vinnusemi 25%
- Færni 25%
- Samskipti/hegðun 25%

Auk þess framkvæma nemendur formlegt sjálfsmat tvisvar á tímabilinu.

Hvolsskóli - Námsvísir 7.-10.bekkur. Vélfræði I, valgrein.

Tími: 8 vikur og 90-100 mínútur á viku

Kennari: Ingvar Helgason

Það velferðar og hátæknisamfélag sem við upplifum er framhald þeirrar tæknibyltingar sem varð hér á síðustu öld, ekki síst með tilkomu bíla og alls kyns tækja. Afköst í framleiðslu margfölduðust og með réttum tækjum stóð fátt í vegi fyrir mönnum. Í dag sjáum við gríðarlega uppbyggingu og framfarir. Oftar en ekki virðast flóknar og miklar framkvæmdir standast áætlanir hvað tíma snertir. Háhýsi rísa í höfuðborginni, heilu hverfin eru byggð á örstuttum tíma, fjöll boruð í gegn og neðansjávangöng lögð.

Í görðunum umhverfis húsinn notum við smávélar og gerum þá að listaverkum.

Hvert sem litið er sjáum við bíla, vélar eða tæki. Hins vegar höfum við ekki mikið af þessu að segja á grunnskólaaldri. Margir kynnast þó einhverjum tækjum ýmist í gegnum áhugamál eða störf s.s. sumarstörf eða heima á sveitabæ.

- Í þessum áfanga er ætlunin að gefa nemendum stutta kynningu og fræðslu í vélfræði. Fræðslan er almenn og opin en hvorki sértæk né ítarleg.

Markmið:

- Auka almennan skilning á vélfræði.
- Kynna möguleika tengda greininni.
- Efla öryggisvitund.

Kennsla:

- Umfjöllun og innlögn í stofu. Samræður og fyrirspurnir. Nemendur fá auk þess að vinna sjálfstætt og nota; bækur, blöð, bæklinga og netið.
- Reynt að fá góða aðila í heimsókn og farið í stuttar heimsóknir.

Sérstaklega verður fjallað um:

- Orku-nýtingu-tap-flutning.
- Aflvélar – meginuppbygging.
- Drifrásir.
- Hemlar.
- Stýribúnaður.
- Dælur, lagnir, tjakkar og vökvamótora.
- Rafkerfi tækja.
- Notkun tækja og reglubundið viðhald.
- Efnisfræði – Öryggisvitund. Umræður og reynslusögur.

Námsmat:

Í lok áfanga er vinnuframlag og þátttaka nemenda metin og gefin kennaraeinkunn.

Hvolsskóli- Námsvísir 7.-10. bekkur **Myndlist–umhverfisskreyting, valgrein.**

Tími 8 vikur, 90-100 mínútur á viku.

Kennari: Ingvar Helgason

Algengasta afurð myndlistar eru væntanlega myndverk á blöðum, striga eða öðru efni sem við getum svo hengt upp á veggfleti. Hér verður hinsvegar leitast við að skapa eitthvað óhefðbundnara og skreyta skólaumhverfið um leið. Nemendur þurfa að hafa góðar hugmyndir í fyrstu tímum áfangans og vinna markvisst.

Markmið:

- Nemendur skynji tækifæri til að auðga umhverfi með listrænu framlagi.
- Efla skipulagshæfni, dugnað, og vinnusemi með ögrandi verkefni.
- Efla umhverfisvitund og umburðarlyndi gagnvart umhverfi.

Kennsla:

- Hugmyndavinna og skissugerð.
- Áætlun og skipulagning.
- Unnið á vettvangi.

Námsmat:

Gefin er kennaraeinkunn í lok áfanga og eftirfarandi þættir metnir:

- Sköpun/frumkvæði 25%
- Færni 25%
- Vinnusemi 25%
- Samskipti 25%

Hvolsskóli - Námsvísir 7.-10. bekkur.

Myndlist-myndasögur, valgrein.

Tími: 8 vikur og 90-100 mínútur á viku.

Kennari: Ingvar Helgason

Að nota myndir til að segja frá einhverju eða koma boðskap áleiðis er aðferð sem við skoðum hér. Hverjir eru kostir og möguleikar þessarar leiðar? Hvers vegna nota sumir þessa aðferð jafnvel við fræðslu og vísindaboðskap? Hvernig hrífumst við með? Hvað segir myndin okkur umfram texta? Af hverju eru myndasögur ævinlega umdeildar og fá oft neikvæða gagngrýni? Athugum þetta nánar.

Markmið:

- Nemendur þjálfí gagnrýna hugsun og tjáningu.
- Nemendur lesi í stemmningu, sérleg einkenni eða andrúmsloft sögunnar hverju sinni.
- Nemendur greini boðskap eða tilgang og um leið hugsanleg áhrif.
- Greina veikleika og styrk hvernar sögu.
- Greina og meta persónulegan stíl og aðferðafræði eða myndhverfingu hverju sinni.
- Efla sköpunargáfu og hugmyndaflug með því að skapa sjálfstætt, eitthvað tengt myndasögum, bröndurum eða áróðri á myndrænu formi.

Kennsla:

- Nemendur kynnast eldri og sígildari myndasögum. Meta þær í sameiningu og skiptast á skoðunum. Greina um sögurnar s.s. einkenni, tilgang, tæknilega útfærslu og aðferð hverju sinni.
- Verklegar skylduæfingar í hverjum tíma.
- Síðari hluti hvers tíma er notaður í sjálfstæða sköpun tengda viðfangasefni áfangans.

Námsmat:

Í lok áfangans er gefin kennaraeinkunn og byggir hún á eftirfarandi:

- Frumkvæði/sköpun 25%
- Vinnusemi 25%
- Færni 25%
- Samskipti 25%